

Sól og sumar í Reykjadal



Fjölmargir lögðu leið sína í Reykjadal um helgina í blíðskaparveðri. Reykjadalur hefur löngum verið þekktur sem ein fallegasta gönguleið landsins og má með sanni segja að hann hafi skartað sínu fegursta í góða veðrinu. Mynd: Dagskráin/BRV.

Leikskólinn Heklukot á Helli fagnaði 50 ára starfsafmæli

Fyrsta júní síðastliðinn fór fram afmælishátíð Leikskólans Heklukots á Helli sem fagnar 50 ára starfsafmæli í ár.

Margt hefur breyst á 50 árum, sífellt bætist við barnahópinn og nú stýttist í að hafist verði handa við byggingu nýs leikskóla í framhaldi af viðbyggingu grunnskólans.

Sveitarfélagið hóf fyrst rekstur leikskóla sumarið 1975 undir stjórn Sólveigar Stolzenwald. Fyrir þann tíma höfðu einstaka konur sinnt barnagæslu í heimahúsum auk þess sem kvenfélag Oddakirkju hafði staðið fyrir rekstri leikskóla sumarið 1974.

Fyrsta starfssumarið sinnti Sólveig 25 börnum og hafði eina 13 ára stúlku, Önnu Steinþórsdóttur, sér til aðstoðar. Í sumarlok 1975 stóð til að loka leikskólunum fyrir veturinn en þá var ljóst að full þörf væri á heilsársstarfsemi. Sólveig fór

þá á fund þáverandi sveitarstjóra, Jóns Gauta Jónssonar, með það að markmiði að halda leikskólanum opnum áfram. Sú varð niðurstaðan og síðan hefur leikskóli verið rekinn allt árið á Helli.

Í dag er Heklukot 5 deilda heilsuleikskóli, þar starfa 30 manns og börnin eru tæplega 90. Heklukot er grænfánaleikskóli og fékk einmitt sjöunda grænfánann afhentan á afmælishátíðinni. Grænfána- verkefnið snýst í stuttu máli um að kenna börnunum að ganga vel um náttúruna, flokka sorp og fræða þau um náttúruvernd.

Fjölmenni var á hátíðinni en þangað var meðal annars boðið öllum fyrrum leikskólastjórum Heklukots. Dýrin í Hálsaskógi mættu á svæðið, Andri Eyvindsson spilaði skemmtileg barnalög, andlitsmálning var í boði og auðvitað veitingar eins og hver gat í sig látið.



Mynd: Rangárþing ytra.

Gaman er að geta þess að tvær heiðurskonur fengu viðurkenningu á hátíðinni fyrir framlag sitt í þágu leikskólans. Það voru þær Sigurlína Magnúsdóttir, sem

hefur saumað fjölnota þurrkur úr gömlum handklæðum fyrir leikskólann, og Helga Kristinsdóttir, sem hefur þrjónað sokka og vettlinga á börnin. Rangárþing ytra

Fáðu fagmann í verkið



Framúrskarandi fyrirtæki 2023

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Framúrskarandi fyrirtæki 2013

Árvirkinn

Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



FERÐANEFND FEBSEL

býður upp á ferð austur undir Eyjafjöll
þriðjudaginn 16. júlí 2024.

Lagt verður af stað frá Grænumörk kl. 10.00.

Leiðsögumaður: Viðar Bjarnason í Ásólfsskála.

Staldræð við á áhugaverðum stöðum og sagðar sögur af mönnum og málefnum. Hádegisverður snæddur í Skálakoti. Áætluð heimkoma kl. 16.00.

Verð pr. mann er 10.000 kr. og greiðist við brottför.

Aðeins ein rúta verður í ferðinni og þar af leiðandi takmarkast fjöldi farþega við það.

Nefndin vill minna á að hver og einn þátttakandi er á eigin ábyrgð.

Bókanir í ferðina eru hjá nefndinni og þátttökulisti liggur frammi í Grænumörk 5.

Hlökkum til fararinnar.

Helgi s. 860 7032
Ingibjörg s. 864 2972
Vigdís s. 893 6564



Rak sjálfan sig fyrir Ólympíuleikana

Hákon Þór Svavarsson keppir í skotfimi í Ólympíuleikunum



Hákon Þór Svavarsson. Mynd: Dagskráin/HGL

Hákon Þór Svavarsson mun keppa fyrir Íslands hönd í skeet skotfimi á Ólympíuleikunum í París 2024, sem fara fram frá 26. júlí til 11. ágúst nk.

Hákon, sem starfar sjálfstætt við smíðar, er búsettur á Selfossi ásamt konu sinni, Birnu Jóhannu Sævarsdóttur og börnum þeirra, Emmu Karen og Svavari Þór. Hákon er upprunalega Austur-Húnavetningur og að eigin sögn algjör sveitavargur.

Í samtali við Dagskrána segir Hákon, sem hefur stundað skotfimi með hléum í 25 ár, að það að komast á Ólympíuleikana sé skemmtileg og góð tilfinning. „Ég held ég átti mig bara ekki á stærðinni á þessu. Ég sá að ég var farinn að nálgast stóru nöfnin í sportinu og gerði mér grein fyrir því að þetta væri raunhæfur möguleiki þegar ég fór að einbeita mér að þessu markmiði fyrir rúmum 4 árum.“

Hákon segir eitthvað breytast á hverjum Ólympíuleikum til að hækka erfiðleikastigið. Til að mynda hafi hraðinn verið aukinn úr 85 upp í ca 90 km hraða á síðustu leikum og á hann erfitt með að ímynda sér hvað verði gert næst.

„Þetta reddast alltaf“

Þá segir Hákon ferlið við að ná sæti á leikunum hafa verið mikla vinnu bæði við æfingar og fjármögnun. „Það er mikilvægt að vinna vel í hausnum á sér, það er helst þar sem hlutirnir klinka. Þetta ferli hefur innihaldið mikið af ferðalögum og æfingum og svo er margt nýtt. Ég er kominn með fastan þjálfara og hitti íþróttasálfræðing í fyrsta skipti, það er mikið um fundi og fjölmiðlastúss sem ég hef ekki staðið í áður. Maður þarf líka að vinna mikið til að fjármagna þetta allt saman en þetta reddast alltaf, við smíðir erum vanir því að vera úr-ræðagóðir.“

Hákon hefur lítinn tíma til vinnu vegna undirbúnings fyrir Ólympíuleikana og kemur það sér því vel að hafa haft góðan undirbúnings tíma. „Það er ekki hægt að fara á Ólympíuleika, gera það vel og vera í fullri vinnu, svo er ég meirihluta júní og júlí í útlöndinu að æfa og keppa svo það er ekki tími fyrir vinnu. Og þar sem ég er sjálfstæður atvinnurekandi þá rak ég sjálfan mig bara,“ segir hann og hlær.

Hákon segir eitthvað breytast á hverjum Ólympíuleikum til að

hækka erfiðleikastigið. Til að mynda hafi hraðinn verið aukinn úr 85 upp í ca 90 km hraða á síðustu leikum og á hann erfitt með að ímynda sér hvað verði gert næst.

Náttúrumyndir frá Íslandi í Kasakstan

Skotfimin hefur dregið Hákon víða um heiminn, árið 2023 fór hann í níu keppnisferðir erlendis, en hann hefur keppt í 30 löndum. „Meðal þeirra Cairo í Egyptalandi, Doha í Qatar, Rabat í Marokkó, svo Mexíkó og Suður Kóreu. Af þessum stöðum þótti mér skýrtnast að koma til Almaty í Kasakstan. Þar voru náttúrumyndir frá Íslandi á skjá upp á vegg alveg sama á hvaða veitingastað og hótél ég kom. Það gerist annars alltaf eitthvað skemmtilegt í þessum ferðum, skotmenn eru skemmtilegir heilt yfir og maður kynnist mörgum.“

Norðurlandameistaratitillinn sem Hákon náði í Kouvola í Finnlandi árið 2022 trónir ofarlega af eftirminnilegum augnablikum á ferli hans en hann varð þá fyrsti Íslendingurinn frá upphafi til að ná þeim titli í skotfimi. Sama ár vantaði 1 stig upp á að hann kæmist í úrslit á Evrópu-meistaramóti og í fyrra bætti hann Íslandsmeitið þegar hann náði 122 af 125 mögulegum stigum.

Heppinn með gott fólk og lítið af leiðindum

„Það eru allskonar æfingar og vesen í þessu en það sem skiptir mestu máli er að vera með gott fólk í kringum sig og lítið af leiðindum og ég er mjög heppinn að því leyti. Fjölskyldan mín hefur alltaf staðið með mér og það skiptir öllu. Svo hefur Skotsamband Íslands borgað allar keppnisferðir fyrir mig, ég hef séð um vinnutap og æfingakostnað sjálfur. En síðustu ár hefur Gjögur hf. styrkt mig og Blíkkmenn líka, svo ég fæ eitthvað upp í þetta allt saman.“

Aðspurður um framtíð íþróttarinnar á Íslandi segir Hákon að hann myndi vilja sjá meiri athygli á henni. „Og að við mættum byrja fyrr að skjóta. Víða erlendis eru krakkar um 10-12 ára að byrja að æfa. Svo mætti laga þessa algengu og ástæðulausu hræðslu við skotvopn, þetta er ekki hættulegri íþrótt en hvað annað.“

Ungu fólki í íþróttum ráðleggur Hákon að lokum að vera duglegt og agað. „En fyrst og fremst að hafa gaman af því sem þú ert að gera og gefast ekki upp þó að þetta sé stundum erfitt.“

HGL



Allt í blóma í Hveragerði um næstu helgi

Það verður mikið um dýrðir í Hveragerði um næstu helgi en þá fer fram fjölskyldu-, menningar- og tónlistarhátíðin Allt í blóma. Skyrgerðin opnar dyr sínar með Pub quízi og trúbador á föstudagskvöldi. Laugardagsdagskráin er með besta móti, en á alla laugar-dagsdagskrá er frítt, þar verður meðal annars hinn geysivinsæli Markaður, barnadagskrá með Lalla töframanni, Tónafljóð-um, trúðum, andlitsmálningu, hoppuköstulum, loftboltum og mörgu fleira. Suðurlandsjazzinn verður á

sínum stað en þar kemur Unnur Birna fram ásamt hljómsveit. Á stórtónleikum hátíðar-innar koma fram okkar fremstu skemmtikraftar en þau eru engin önnur en Birgitta Haukdal, Stef-án Hilmarsson, Sigga Beinteins og Pálmi Gunnarsson. Að tón-leikum loknum færast fjörið inn í tjaldið í geggjúðum filing þar sem Sverrir Bergmann, Unnur Birna og fleiri halda uppi miklu stuði fram á nótt. Að lokum eru kvöldtónleikar á sunnudegi með KK í Reykja-dalsskála í alúðlegu umhverfi Reykjadal, miðar á tix.is.



Bryndís Embla með Silfur á MÍ fullorðinna.

Bryndís Embla með silfur og Íslandsmet

Meistaramót Íslands var haldið á Akureyri helgina 29.-30. júní sl. Þrír keppendur frá frjálsíþróttadeild Selfoss tóku þátt í mótinu og stóðu sig allir mjög vel. Hæst bar árangur Bryndísar Emblu Einarasdóttur sem þrátt fyrir ungán aldur krækti sér í silfurverðlaun í spjótkesti með stórbætingu. Hún kastaði spjótinu 44.61 m og bætti sinn besta árangur um 2,58 m. Með þessu kasti bætti Bryndís Embla 26 ára gamalt Íslandsmet Sigrúnar Fjeldsted (600 gr. spjót) um 41 cm í flokki 15 ára. Arangurinn er einnig Selfossmet í fullorðinsflokki og

HSK met í flokkum 15 ára, 16-17 ára, 18-19 ára og 20-22 ára. Bryndís Embla sem er á 15. ári er í 10. sæti á Evrópulista og 30. sæti á heimslistanum í flokki 17 ára og yngri með 600gr. spjóti og segir það allt sem segja þarf um hversu gríðarlega efnileg hún er. Hugrún Birna Hjaltadóttir keppti í langstökki þar sem hún stökk 5,10 m og náði 6. sæti og í þristökki stökk hún 10,31 m og náði 5. sæti. Hildur Helga Einarasdóttir náði ársbesta árangri sínum í kúlurvarpi þegar hún kastaði 11,12 m og náði 5. sæti.

UMFS

BBQ & MUSIC FESTIVAL

FJÖLSKYLDUDAGSKRÁ 13. JÚLÍ



AUDDI & STEINDI · BESTU LÖG BARNANA · PRETTYBOITJOKKO · GÚSTI B
ANNA FANNEY SIGURVEGARI IDOL · ÍÞRÓTTAÁLFURINN · BMX BRÓS
SPRELL TÍVOLÍ · VELTIBÍLINN · LOFTBOLTAR · KARAMELLUFLUG · UK TÍVOLÍ

FRÍTT INN!

BBQ & MUSIC FESTIVAL

VELKOMIN Á STÓRU GRILLSÝNINGUNA 13. JÚLÍ !

Ali

KJÖTBANKINN

KJARNAFÆÐI

STJÓRNU GRIS

SS fremst fyrir bragða

KJÖTÖBÚRIÐ

SÆLKERA -BÚÐIN-

olis

BYKO

GRILL BÚÐIN

GRILLKOFINN ALLT FYRIR GRILLIN

JC GRILL

Char-Brill

NAPOLEON

LANDMANN Year World of BBQ

ooni PIZZA OVENS

weber

KAMADOJOE

Enders

EB KERFI



KÓTELETAN

FRÍTT INN!

SELFOS 11.-14. JÚLÍ

EIEMSKIP

PEPSI

GULL LITOL

EB KERFI

Vinarminning

Jón Áskell Jónsson

F. 20. september 1939 á Stokkseyri. D. á Ljósheimum, Selfossi, 29. júní 2024.

Einstakur ljómi leikur um minningar blómaáranna í Búrfelli. Fyrstu árin bjó fjölskylda mín á Skeljastöðum 3 og varð strax mikil vinátta við fjölskylduna í næsta húsi, Skeljastöðum 2; hjónin Jón Áskel, Guðbjörgu og börn þeirra Jón Rafn, Ómar og Jónínu. Pabbi, Sigurður Björgvinsson, starfaði sem vélfræðingur við virkjunina og Jón Áskell sem meistari í vél- og bifvélavirkjun.

Pabbi og Jón Áskell urðu miklir vinir, héldu saman hesta í gömlu starfsmannahúsi í félagi við aðra hestamenn í Búrfelli og mikil stemning ríkti í nánu og þétu samfélaginu við Búrfell. Litla þorpið við hálendisbrúnina var stórkostlegur búsetustaður á þessum árum, þar til fjölskyldurnar fóru að tína í burtu á niunda áratugnum.

Árið 1980, fjórum árum eftir að við fluttum í Búrfell, ákvað hreppsnefnd Gnúpverjahrepps að setja jörðina Skarð á sölu. Skarð hafði verið prestsetur fram yfir 1970 en þá fór kirkjan í makaskipti við hreppinn. Jörðin hafði ekki verið setin í nokkur ár og húsakostur hafði látið mjög undan. Glæsileg jörð fremst í sveitinni á hreppamörkum Hrunamanna- og Skeiða- og Gnúpverjahrepps þar sem Stóra-Laxá skiptir sveitum.

Úr varð að þau mamma og pabbi og Jón og Gauja voru valin úr hópi umsækjenda um kaup á jörðinni og við tók mikil uppbygging og áform um búrekstur. Jón og Gauja byggðu hús í snatri og fluttu fram að Skarði. Mín fjölskylda flutti síðan endanlega vorið 1984.

Hugmyndin að kaupum þeirra á jörðinni kviknaði í glensi. Það var þegar hópur hestafólks úr Búrfelli var að koma riðandi að Landsmóti hestamanna á Skógarhólum sumarið 1978. Þá var að við gamla veiðihúsið í Hólakoti og riðið þaðan yfir Stóru-Laxá upp á Langamel og sem leið lá í gegnum jörðina og upp hrepp inn í Búrfell. Þessi fallega jörð á einkar skemmtilegum stað var í eyði og Jóni og pabba varð á orði að þeir yrðu að kaupa þessa jörð.

Tveimur árum síðar varð það að veruleika.



Það var alla tíð traust og góð vinátta á milli fjölskyldnanna. Jón Áskell var sérstaklega sterkur persónuleiki, eldklár til orð og æðis, féll aldrei verk úr hendi og var ákaflega traustur vinur. Pabbi rifjaði það upp sem dæmi um réttssýni Jóns Áskels að þegar þau síðar skiptu jörðinni hvað hann var sanngjarn til hins ítrasta enda gekk það ljúflega fram.

Jón Áskell var eðalkrati en A-flokkarnir höfðu verið sterkir við ströndina. Jón var frá Stokkseyri og Gauja frá Eyrarbakka. Þau voru félagshyggu-fólk, líkt og foreldrar mínir, og án efa smitðust þau viðhorf og lífsgildi til okkar krakkanna þó flokkapólitísk umræða væri sjaldan viðhöfð.

Ég gleymi því aldrei þegar við vorum að fylgjast með upptakti og aðdraganda Alþingiskosninganna 1987. Þá hrifumst við mjög af Alþýðuflokknum og eldmóð hans, höfðum samband við skrifstofuna í Alþýðuhúsinu á Hverfisgötu og fengum sendan fullan kassa af bæklingum, bollum og barmmerkjum.

Þar var teningunum kastað og oft var mér hugsað til þessa tíma þegar þrettán árum seinna sat ég á skrifstofu nýstofnaðrar Samfylkingar jafnaðarfólks sem framkvæmdastjóri flokksins. Jafn traustur vinur og Jón var

studdi hann mig alltaf eindregið og undantekningalaust í mínu pólitíska ati.

Sjálfur var ég heimagangur á heimili þeirra og hélt það í raun alla tíð. Jón og Jón Rafn fluttu frá Skarði í kjölfar andláts Gauju sem féll frá á besta aldri úr krabbameini vorið 2003. Eftir það héldu þeir feðgar heimili á Selfossi.

Sú hefð varð til á æskuárum mínum að ég kom alltaf til þeirra á Þorláksmessu í heimsókn. Því héldum við alla tíð og öll sumur komu þeir feðgar að Skarði, fóru inn í skógrækt og ræktuðu gömul tengsl.

Það eru forréttindi sem ekki eru öllum gefin að eignast vin á borð við Jón Áskel. Við lögðum okkur öll fram um að rækta og viðhalda vináttunni sem varð til á ævintýratímanum í Búrfelli og síðar í Skarði. Hélt það bókstaflega til hinsta dags í lífi Jóns.

Við pabbi og fjölskylda söknum vinar í stað. Tilveran er svipminni að okkar kæra vini gengnum.

Við sendum fjölskyldu Jóns Áskels okkar einlægustu samúðarkveðjur með þökk fyrir allt og allvíð.

Minningin lifir um einstakan mann.

Björgvin G. Sigurðsson



Sunnlenski matgæðingurinn



Bjarni Rúnar Lárusson er matgæðingur vikunnar að þessu sinni.

Ég vil þakka Sindra vini mínum fyrir að gera mig að matgæðingi vikunnar. Takk fyrir það.

Ég hef alltaf haft gaman af því að elda, þó að ég mætti vera duglegri að prófa nýja hluti. Minn uppáhaldsmatur að elda fyrir fjölskyldu og vini hefur síðastliðin ár verið pulled pork-hamborgarar. Þessir hamborgarar hafa vakið mikla lukku og eru einfaldir í eldamennsku og einstaklega bragðgóðir. Hérna er uppskriftin mín.

Hægeldaðir pulled pork-hamborgarar

Fyrir 6-8 manns (líklega fleiri)

Svinabógur 2-3 kg
1 x bjór (má vera óáfengur)
Dass af BBQ-sósu
Brioche-hamborgarabrauð

Krydd:

2 msk. púðursykur
Dass af sjávarsalti
Dass af piparkryddi
Dass af paprikukryddi
Dass af reyktu paprikukryddi
Dass af Cayenne-kryddi
Dass af chili-kryddi
Dass af laukdufti
Slatti af hvítlauksgeirum (4-7)

Kryddi blandað saman í skál. Notið gaffal til að stinga í kjötið, meira er betra en minna. Nuddið kryddinu vel inn í kjötið til allra hliða. Einn bjór er settur ofan í ofnpott og síðan fer vel kryddaður bógurinn ofan í pottinn og inn í 95° heitan ofn.

Síðan er hægt að gleyma kjötinu í 8 klst.

Ég ætla að skora á vin minn og alvöru matgæðing Ingvar Jónsson sem elskar að elda!

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Það ætti að vera mikill vökvi í pottinum sem verður settur í skál. Síðan er mikilvægt að hreinsa kjötið. Ef allt gekk vel ætti kjötið að vera dúnmjúkt og þá er auðvelt að taka alla fituna af og beinhreinsa. Núna ætti aðeins að vera hreint kjöt í pottinum og þá er hægt að bæta við BBQ-sósunni og dassi af vökvanum sem var tekinn úr ofnpottinum. Blandið öllu þessu vel saman og þá er aðalrétturinn tilbúinn.

Þetta er síðan borið fram á brioche-hamborgarabrauði með t.d. hrásalati og frönskum.

Þetta er mín uppáhaldsuppskrift af hægelduðum pulled pork-hamborgurum.

Eftirrétturinn er oft mikilvægasti rétturinn á mínu heimili, mikilvægari en aðalrétturinn! Þessi uppskrift er búin að vera í fjölskyldunni í yfir 50 ár og ætla ég nú að deila henni með Sunnlendingum núna!

Eftirréttur

Ís frá Kjörís!

Vonandi prófa þetta sem flest og ég hlakka til að heyra ykkar upplifun.

Óskað eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna Rangárþings ytra

Umhverfis-, hálendis- og samgöngunefnd óskar eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna Rangárþings ytra 2024.

Nú skartar náttúran sínu fegursta. Sprellifandi gróður, ungar klekjast úr eggjum og íbúar ráða ekki við sig að snyrta og fegra í kringum sig! Þá er um að gera að fara um og skoða hjá nágrönnunum, heilsa og hrósa. Og í leiðinni, ef ykkur sýnist sem svo, tilnefnið eitt lögðlyli og

eitt hús í þéttbýli til umhverfisverðlauna Rangárþings ytra. Tekið er við tilnefningum til 20. júlí og skulu tilnefningar berast með því að fylla út þetta eyðublað. Umhverfis-, hálendis- og samgöngunefnd mun svo skoða tilnefningarnar og íbúum verður svo boðið að kjósa um sigurvegara.

Verðlaunin verða afhent á Töðugjöldunum 17. ágúst næstkomandi. Rangárþing ytra



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 956 0673, helga@dfs.is.
Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Visnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Aldur minn er ansi ...
Óli hefur gljóbhart ...
Villi minn er voða ...
nú veistu svarið upp á ...

Svar við gátu í blaði 2758: STÓLL
1. Höfuðstóll - 2. Biskupsstóll
3. Skipastóll - Predikunarstóll



VIÐ ÓSKUM EFTIR
BLAÐAMANNI

Prentmet Oddi óskar eftir blaðamanni við Dagskrána, fréttablað Suðurlands í 100% starf á Selfossi.

Umsækjandi þarf að vera drífandi, jákvæður, forvitinn og hugmyndaríkur og óhræddur við að takast á við margvísleg og spennandi verkefni sem fylgja starfi blaðamanns. Sveigjanlegur vinnutími í boði fyrir réttan aðila.

Helstu verkefni: Frétta- og efnigerð fyrir Dagskrána og DFS.is, uppsetning á Dagskránni, útkeyrsla á prentverkum og önnur tilfallandi verkefni.

Umsóknarfrestur er til 16. júlí nk.

Nánari upplýsingar um starfið veita framkvæmdastjóri mannauðsmála í isi@prentmetoddi.is, s. **8 560 601** og útibústjórinn Prentmets Odda á Selfossi þ.e. brv@prentmetoddi.is, s. **8 560 656**.

Vinsamlegast sækiað um starfið á alfred.is.



Sækja um
starf hér



Prentmet Oddi á Selfossi rekur Dagskrána, fréttablað Suðurlands. Dagskráin er prentuð í 5200 eintökum og er dreift á alla helstu þjónustustaði á Suðurlandi, ásamt því að fara í blaðakassa á Selfossi, í Hveragerði, Þorlákshöfn, Stokkseyri og Eyrabakka. Fréttavefurinn DFS.is er rekin samhliða blaðinu. Á miðlunum okkar er að finna fréttir og umfjallanir af sunnlensku mannlífi.



Allt að **50%** afsláttur

SUMARÚTSALA



- Fjölærar plöntur **30-50%** • Sumarblóm **30-50%** • Trjáplöntur **30-50%** • Útipottar **30%**
Bastkórfur **50%** • Garðstyttur og garðskraut **30%** • Garðáburður **30%** • Fræ **30%**
Claber slönguhjól **30%** • Claber úðarar **30%** • Reco slönguhjól **35%** • Reco úðarar og tengi **35%**
Texas, Black+Decker, AL-KO sláttuvélar **25%** • Texas, Black+Decker og AL-KO orf **25%**
Hekklippur bensín, rafmagns og rafhlöðu **25%** • Grill (gildir ekki á Weber) **20-35%**
Garðverkfæri (hrífur, gafflar, klóru o.fl.) **25%** • Garðhúsgögn **30%** • Útimálning **30%**
Viðarvörn og pallaofía **30%** • Plastbox **25-30%** • Reiðhjól **25%** • Rafmagnshjól **25%**
Reiðhjólafylgihlutir **25%** • Barnabílstólar **25%** • Hnífapör og ýmis eldhúshöld **30%**
Hnífar **30%** • Matarstell og glös **30-50%** • Drykkjarkönnur og bollar **30-40%**
Pottar og pönnur **30-50%** • Bökunarvörur **25%** • Diskamottur **30-70%** • Vinnubuxur **25%**
Vinnufatnaður **25-50%** • Regnföt **25%** • Vinnuöryggisvörur **20%** • Vinnuhanskar **25%**
Útileguvörur, tjöld og tjaldstólar **30%** • Smáraftæki **25%** • Ruslatunnur og flokkunartunnur **25%**
Grilláhöld (Landmann og Enders) **25%** • Blöndunartæki (valdar vörur) **30-45%**
Salerni, handlaugar og vaskar (valdar vörur) **30-50%** • Smáraftæki (kaffivélar, brauðristar o.fl.) **25%**
Worx keðjusagir, hekklippur, laufblásarar o.fl. **25%** • Worx sláttuvélar **25%**
Black+Decker sláttuvélar **25%** • Black+Decker keðjusagir, hekklippur, orf o.fl. **25%**
Garðverkfæri, skóflur, hrífur, gafflar o.fl. **25%** • Rafmagns garðverkfæri (ekki af Ikra) **25%**
Makita (valdar vörur) **20-25%** • Smáraftæki (kaffivélar, brauðristar o.fl.) **25%**
Tjép (valdar vörur) **20%** • Trend (valdar vörur) **25%** • DeWalt (valdar vörur) **25-30%**
Milwaukee (valdar vörur) **20-25%** • Smáraftæki (kaffivélar, brauðristar o.fl.) **25%**
Metabo (valdar vörur) **20-25%** • Hreinsiefni, moppur, tuskur o.fl. **25-30%**
Plastbox og geymslukassar **25-30%** ... og margt fleira



Skoðaðu
blaðið



Erla Jóhanns- dóttir ráðin leikskólastjóri

Erla Jóhannsdóttir hefur verið ráðin í starf leikskólastjóra leikskólans Mánalands í Vík frá og með 1. ágúst nk.

Erla lauk B.Ed.-gráðu í leikskólakennarafræðum frá Háskóla Íslands og hefur lagt stund á nám í sérkennslufræði og skóla margbreytileikans.

Erla hefur margra ára reynslu af störfum á leikskóla, m.a. sem deildarstjóri, sérkennslustjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri í afleysingum við leikskólann Álfaborg í Reykholti. Erla hefur einnig fjölbreytta reynslu af félagsstörfum.

Nichole Leigh Mosty hefur látið af störfum sem leikskólastjóri frá og með síðustu mánadámótum.



Til leigu er 215 m² verslunar- og þjónustuhúsnæði í miðbæ Flúða, við Skeiða- og Hrunamannaveg (30). Um er að ræða húsnæði sem hefur verið hannað og notað sem veitingasala. Húsnæðinu fylgir stór og rúmgóður pallur á suðurhlíð sem opnast inn í Lystigarðinn á Flúðum. Húsnæðið er hluti af stærri byggingu þar sem í dag eru hótélíbúðir á efri hæð en Heilsugæsla Uppsveita Árnessýslu mun á næsta ári hefja starfsemi við hlið umrædds rýmis. Húsnæðinu fylgja fjölmörg malbikuð bílastæði. Á lóðinni er verið að setja upp fjórar hraðhleðslustöðvar fyrir rafbíla.

Óskað er eftir tilboðum í leigu umrædds húsnæðis sem skila skal fyrir lok dags 15. júlí 2024 á netfangið hruni@fludir.is. Í tilboðum skal gera grein fyrir þeim rekstri sem fyrirhugaður er í húsnæðinu og leigufjárhæð. Sveitarstjórn mun taka afstöðu til tilboða byggða á þeim upplýsingum sem þar eru gefnar og hversu vel reksturinn mun samrýmast hugmyndum um notkun á húsnæðinu. Sveitarstjórn áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum.

Frekari upplýsingar gefur Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, aldis@fludir.is eða í síma 480-6600.

Hrunamannahreppur er ört vaxandi sveitarfélag staðsett miðsvæðis í Uppsveitum Árnessýslu. Á Flúðum búa nú um 500 manns en innan 10 mínútna akstursfjarlægðar eru oft á tíðum staðsettir þúsundir gesta sem þar dvelja um lengri eða skemmri tíma. Helstu náttúruperlur Suðurlands eru í þægilegri akstursfjarlægð frá Flúðum.



Verið velkomin á Jarðhitasýninguna í Hellisheiðarvirkjun



Fræðslusýning fyrir fólk á öllum aldri

Opið alla daga 9-17

LYSTIGARÐURINN Í HVERAGERÐI

Aut í Blóma '24

4. JÚLÍ - 7. JÚLÍ



LAUGARDAGUR

11.00 - 17.00 MARKAÐUR

13.00 BARNADAGSKRÁ

LALLI TÖFRAMAÐUR · TÓNAFLJÓÐ · HOPPUKASTALAR

LOFTBOLTAR · VANTABOLTAR

15.00 SUÐURLANDSDJAZZ

- UNNUR BIRNA

20:00 STÓRTÓNLEIKAR

BIRGITTA HAUKDAL · STEFÁN HILMARSSON

PÁLMI GUNNARSSON · SIGGA BEINTEINS.

22:45 DANSLEIKUR Í VIKING TJALDINU

SVERRIR BERGMANN · UNNUR BIRNA & LEYNIGESTUR

SUNNUDAGUR

KK Í REYKJDALSSKÁLA



HVERAGERÐISBÆR



GRÖÐURHÚSIÐ
THE GREENHOUSE



Sportþjónustan
2224 7030



Rennibrautin í Sundhöll Selfoss opnar aftur

Rennibrautin í Sundhöll Selfoss opnaði laugardaginn 29. júní eftir endurbætur.

Síðasta haust kom í ljós að það þurfti að fara í töluverðar endurbætur á rennibrautinni í Sundhöllinni, skipta þurfti um fimm efstu rennibrautarpartana og að auki var skipt um öll þrep í stiganum, mála þurfti gamla hluta rennibrautar og vanda til verks til að auka endingu og svo að hægt sé að renna hraðar.

„Þann 1. júní fékk hún að fara ein í sund í fyrsta sinn, hún fór nokkrum sinnum í upphafi mánaðar en síðan rennibrautin opnaði aftur hefjast dagarnir á því að útbúa nesti fyrir sund-



ferð dagsins og ég sé hana ekki aftur fyrr en um kvöldmatarleytið,“ segir móðir 10 ára Selfyssings í samtali við Dag-skrána.

Þá hefur innilaugin sömu-leiðis opnað aftur eftir viðhald.

Lofaplötur losnuðu og þurfti að tæma laugina til að festa þær aftur og var tíminn nýttur til fyrirbyggjandi aðgerða vegna brotinna flisa í lauginni.

HGL

Stoltur af samfélaginu í Árborg

Það eru forréttindi að búa í samfélagi sem býður upp á góða þjónustu fyrir íbúa á öllum aldri. Það á bæði við um þjónustu sveitarfélagsins og einkaaðila sem selja okkur vörur og þjónustu í nærsamfélaginu. Sveitarfélagið Árborg er að mínu mati á þeim stað að þjónustustigið sé mjög gott þegar horft er á heildarmyndina þar sem íbúar á Suðurlandi sækja margir hverjir orðið nær alla sína þjónustu á Selfosssvæðið og þurfa þá síður að fara yfir Hellisheiðina á höfuðborgarsvæðið. Ég tel þetta vera jákvæða þróun enda er það hagsmunamál okkar allra á Suðurlandi að bæta þjónustu og atvinnustig hérna megin heiðarinnar.

Skiptar skoðanir

Sem betur fer höfum við skoðun á samfélaginu okkar og eðlilega ekki sammála um allt. Við þurfum ávallt að vera tilbúin að hlusta á skoðun og rök annarra í allri umræðu. Fyrir okkur kjörna fulltrúa er það mikilvægt að heyra raddir sem flestra til að byggja undir góða ákvarðanatöku. Ég gríp hér niður í nokkur samfélagsmál úr Árborg sem eru þessa dagana í umræðunni.

Endurhönnun Sigtúnsgarðs

Bæjarráð Árborgar samþykkti í júní að hefja undirbúning að endurhönnun Sigtúnsgarðs á Selfossi. Garðurinn hefur verið til umfjöllunar undanfarnar vikur og mikilvægt er að umræðan sé málefnaleg og horft sé til þeirra tækifæra sem eru til fram-tíðar. Við hönnunina á að horfa sérstaklega til notagildis garðsins fyrir íbúa og gesti, hátíðarhalda og samtengingar við nýjan miðbæ á Selfossi. Stofnaður verður samráðshópur hagaðila og á m.a. að horfa til stækkunar á svokallaðri “söngskál”, staðsetningu hátíðartjalds, leik-tækja og fleira. Sigtúnsgarður er einstaklega vel staðsettur á Selfossi og mikilvægt er hann nýttist í blómlegt menningar- og mannlíf sveitarfélagsins. Ég er viss um að með vel heppnaðri hönnun gefast frekari tækifæri til nýtingar garðsins á öðrum tímum en þegar hátíðarhöld eru í honum.

Aukin stuðningur við börn með fatlanir í frístundastarfi

Ungmennafélag Selfoss og íþróttafélagið Suðri skrifuðu fyrr í vetur undir samstarfs-samning við verkefnið “Allir með” sem gengur út á að fjölga tækifærum fyrir fötluð börn í frístundum. Samstarf sveitarfélagsins við íþrótt- og frístundafélög á svæðinu hefur verið gott og markmiðið að geta boðið upp á metnaðarfullt og fjölbreytt starf í samfélaginu.

Ungmennafélag Selfoss og

Bragi Bjarnason

Bæjarstjóri og oddviti sjálfsræðis-flokksins í Árborg



Íþróttafélagið Suðri hafa síðan í samstarfi við sveitarfélagið sett aukin kraft í fjölga tækifærum fatlaðra barna og hefur sveitarfélagið samþykkt aukin stuðning við fötluð börn í frístundastarfi. Um er að ræða tilraunaverkefni til eins árs þar sem starfsmenn af fristundaheimilum fylgja barni í íþrótt- og frístundastarfi á opnunartíma fristundaheimilisins. Íþróttafélögin geta síðan áfram fengið styrk fyrir aðstoð á æfingum utan þess tíma.

Ekki langt í fjölbreytta útivistarmöguleika

Við horfum stundum yfir ána og sýnist grasið grænna hinu megin. Um leið gleymum hvað það getur verið gott hér næst okkur. Ég hef lent í því sjálfur að gleyma mér í þessari hugsun hvað varðar útivist og þá er gott að minna sig á hvað sé hægt að gera í nánasta umhverfinu. Við eigum nefnilega ótrúlega marga valmöguleika til hreyfingar og útivistar sem kosta ekki mikið. Mér fannst áhugavert að heyra frá íbúa sem hafði ekki búið lengi á Selfossi að hér væri fullkomið svæði til að ganga, hlaupa og hjóla. Nánast slétt hvert sem þú ferð, gott net göngustíga og einfalt fyrir allan aldur að fara saman. Fjörustígurinn milli Eyrarbakka og Stokkseyri er skemmtileg leið og við erum alveg að ná tengingunni frá Selfossi að ströndinni en nýi göngustígurinn er nú malbikaður að afleggjaranum að Stokkseyri. Strandlengjan býður sömuleiðis upp á fallega náttúru, sandfjöru og fjölbreytt lífríki en mikilvægt er að fara alltaf varlega við sjóinn. Helliskógur, Gesthúsasvæðið, fuglafríðalandið, Knarrarósviti, frísbíggjufvellir og fleiri staðir eru sömuleiðis góðir afþreyingarkostir í okkar nánasta umhverfi.

Ekki má gleyma hátíðum og viðburðum sem einkenna samfélagið okkar. Jónsmessuhátíð á Eyrarbakka og bíladallan ný yfirstaðin og næst er það Bryggjuhátíðin á Stokkseyri, 5. - 7. júlí og Kótelettan á Selfossi, 11. - 14. júlí. Í Tryggvagarði er sumarmarkaður alla laugardaga í sumar. Sundlaugin á Stokkseyri opnar aftur föstudaginn 5. júlí og íþróttafélögin keppa í hverri viku. Alltaf er eitthvað í gangi í þessu magnaða samfélagi sem ég er stoltur af að tilheyra.

STARFSMAÐUR ÓSKAST HJÁ BLÁSKÓGAVEITU



Bláskógaveita annast rekstur og framkvæmdir við hita- og vatnsveitu Bláskóga-byggðar. Veitan tilheyrir framkvæmda- og veitusviði Bláskógabyggðar og er hluti af mikilvægum innviðum í sveitarfélaginu.

Bláskógaveita óskar eftir að ráða til sín öflugan einstakling sem starfsmann. Yfirmaður starfsmanns er veitustjóri. Um er að ræða 100% starf en auk þess þarf starfsmaðurinn að vera tilbúinn til að sinna útköllum, komi upp bilanir. Vegna þess þarf starfsmaður að vera búsettur á dreifisvæði veitunnar eða í næsta nágrenni.

Starfssvið er eftirfarandi:

- Starfar með yfirmanni að daglegum rekstri veitukerfa.
- Starfar með yfirmanni að umsjón og viðhaldi veitukerfa.
- Vinna við nýframkvæmdir við vatnsöflun, veitukerfi og mannvirki þeim tengd.
- Ábyrgð á að farið sé eftir viðeigandi reglum um öryggi á vinnustað og að frágangur verka sé með viðeigandi hætti.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Iðnmenntun sem nýtist í starfi, t.a.m. í málmiðngreinum.
- Reynsla og þekking á sviði veitna og framkvæmda æskileg.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði í starfi og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Ökuréttindi.
- Suðuréttindi æskileg.
- Vinnuvélaréttindi æskileg.

Umsókn um starfið skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem ástæður umsóknar koma fram og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda til að gegna starfinu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 15. júlí næstkomandi.

Einstaklingar eru hvattir til að sækja um starfið óháð kyni. Umsóknir skulu berast á netfangið kristofer@blaskogabyggd.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristófer Tómasson, sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs Bláskógabyggðar, í síma 480 3000.

Bláskógabyggð er í uppsveitum Árnessýslu í um 100 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Íbúar eru um 1.450 en auk þess eru um 2.000 sumarhús í sveitarfélaginu. Innviðir eru góðir og hefur talsverð uppbygging átt sér stað á síðustu árum. Í sveitarfélaginu eru vinsælar náttúruperlur og sögufrægir staðir. Atvinnuvegir eru ferðaþjónusta, landbúnaður, þar með talin garðyrkja, og ýmsar þjónustugreinar. Þéttbýlisstaðir eru Reykholt, Laugarvatn og Laugarás.



PALLA-
REIKNIVÉL
Skannaðu kóðann

KOMDU OG FÁÐU TILBOÐ GRÆJUM PALLINN SAMAN

Létt og þægilegt ferðagagrill, frábært í útileguna. Hillur og sambrjótanlegir plastfætur undir grillinu, hægt er að taka hillurnar af.



FERDAGASGRILL

20.096^{25%}
26.795

50632100

Kw			
293	1	49x37	



KOLAGRILL NK18K-LEG-3

24.497^{30%}
34.995

506600094



Fyrirferðarlítið og lipurt kolaketilgrill, Napoleon NK18K-LEG, er 18 tommu ketill sem er tilvalinn fyrir alla kolaáhugamenn



TRAMPÓLÍN 3,96M

44.796^{20%}
55.995

88040024

Trampólín með neti og fótum úr Ø38 mm galvanísíruðu stáli. Hámarksþyngd er 150kg. Hæð trampólínsins er 89cm.



Einhell
BORVÉL

23.995^{31%}
32.895

74826002

Rafhlaðan er einungis 30 mín að hlaðast með hraðhleðslutækinu. 18V, 2x 1,5 Ah rafhloður og hleðslutæki fylgir með.



Einhell
BÚTSÖG

29.995^{24%}
39.695

74806540



Þægileg geirungssög frá Einhell með sleða og laser sem býður upp á fjölda sögunarmöguleika. Hægt er að snúa söginni allt að 47° til vinstri eða hægri einnig er hægt að velta sagarblaðinu í 45° til vinstri.



BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Fjórum vinnustofum um fjölmenningu í uppsveitum lokið



Verkefnið Fjölmennings-samfélag í Uppsveitum Árnassýslu er á fullri ferð en verkefnið hefur það að markmiði að skapa samfélag þar sem fólk af ólíkum uppruna getur blómstrað saman. Búið er að halda fjórar vinnustofur þar sem fjallað var um fjölmenningu og voru þátttakendur beðnir um að skilgreina hvað væri fyrirmyndarfjölmenningsamfélag og hvaða verkefnum sveitarfélögin og íbúar þeirra þyrftu að vinna að til að Uppsveitir Árnassýslu yrðu slíkt. Öll sveitarfélögin fjögur í Uppsveitum vinna að verkefninu og eru

verkefnastjórar Gunnar Gunnarsson verkefnastjóri í Heilsuefandi Uppsveitir, Guðrún Ása Kristleifsdóttir verkefnastjóri Heilsuefandi samfélag í Grímsnes- og Grafningshreppi og Lína Björg Tryggvadóttir byggðarþróunarfulltrúi í Uppsveitum Árnassýslu.

Haldnar voru fjórar vinnustofur og var sú fyrsta haldin í Félagsheimilinu á Flúðum þann 12. júní. Næsta var haldin í Félagsheimilinu á Borg þann 19. júní, sú þriðja var haldin í Reykholti þann 20. júní og sú fjórða var haldin í Félagsheimilinu í Árnesi þann 21. júní. Í heildina mættu 38 manns sem

öll höfðu mikið til málanna að leggja. Við þökkum öllum þeim sem tóku þátt í vinnustofunum og lögðu sitt af mörkum til að móta fjölmenningsamfélag í Uppsveitum Árnassýslu. Þeirra framlag er ómetanlegt og mun hjálpa til við að skapa betra samfélag fyrir alla.

Samhliða þessum fundum hefur verið í gangi könnun þar sem verið er að kanna upplifun íbúa á þjónustu sveitarfélaganna og hversu velkomnir íbúar uppsveitanna upplifa sig í samfélaginu. Enn þá er hægt að taka þátt í könnuninni með því að skanna QR-kóðann en könnunin er á fjórum tungumálum sem eru enska, íslenska, pólska og rúmenska og hvetjum við alla til að taka þátt.

Nú þegar vinnustofurnar eru búnar tekur við að vinna út úr þeim gögnum sem safnast hafa og verður unnin skýrsla með tillögum að aðgerðum fyrir næsta vetur sem kynnt verður og send til sveitarfélaganna. Einnig er stefnt að því að halda fjölmenningsarveislu í vetur, þar sem íbúar geta komið saman og fagnað fjölbreytileikanum. *Sveitir.is*

Góð gjöf frá Heklukoti

Skrifstofa Rangárþings ytra fékk góða heimsókn þann 28. júní sl., þegar elstu börnin í leikskólanum Heklukoti komu færandi hendi með listaverk úr þeirra smíðju, stórt og glæsilegt málverk af Heklu, drottningu

fjallanna. Leikskólinn Heklukot fagnaði 50 ára afmæli þann 1. júní sl. og var listaverkið unnið af því tilefni.

Hópurinn kom í fylgd kennara sinna, söng lag og sagði starfsfólki frá tilurð verksins.



LÓÐIR UNDIR ATVINNUHÚSNÆÐI LAUSAR TIL UMSÓKNAR

Um er að ræða nýtt 52 lóða athafnasvæði hefur verið skipulagt við Sólheimaveg, rétt suður af Borg í Grímsnes- og Grafningshrepp. Þar er gert ráð fyrir hreinlegum léttum iðnaði og ýmiss konar rekstri. Uppbyggingu svæðisins verður skipt upp í áfanga, til að stuðla að hagkvæmni og heildaryfirbragði byggðarinnar.

Á svæðinu eru fjölmargir möguleikar til atvinnureksturs og uppbyggingu á iðnaðarhúsnæði í næsta nágrenni við ört stækkandi byggðakjarna á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi og í miðri stærstu frístundahúsabyggð landsins.

Stærð lóða er frá 1.575 m² til 2.475 m² með nýtingarhlutfalli 0,3 en mögulegt að sameina byggingarreiti á samliggjandi lóðum.

Lóðir að Borgargili 8, 10, 12, 14, 16, 18, 20, 22 og 24 eru lausar til umsóknar.

Frekari upplýsingar og verð á lóðum má finna á vef Grímsnes- og Grafningshrepps á www.gogg.is.

Kynnið ykkur líka frekari uppbyggingu í Grímsnes- og Grafningshrepp á www.borgisveit.is.



GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR



Skaftárhreppur

Kirkjubæjarklaustur kallar!

Nýr sameiginlegur skóli á Kirkjubæjarklaustri, Kirkjubæjarskóli, auglýsir eftir deildarstjóra og kennurum fyrir skólaárið 2024-2025. Einnig eru lausar stöður starfsfólks við leikskólann Kærabæ.

Deildarstjóri grunnskóla

Kirkjubæjarskóli óskar eftir að ráða áhugasaman og drífandi einstakling í stöðu deildarstjóra grunnskólans. Um fullt starf er að ræða með 50% stjórnunarumfangi.

■ Helstu verkefni og ábyrgð:

- Faglegur leiðtogi innan skóla og staðgengill skólastjóra
- Stuðla að framþróun og nýbreytni í kennsluháttum
- Virk þátttaka í daglegri stjórnun skólans
- Utanumhald með forföllum og leyfum starfsfólks skólans í samvinnu við skólastjóra
- Samskipti og samstarf við foreldra og aðra hagaðila
- Þátttaka í gerð skólanámskrár, starfsáætlunar og mati á skólastarfi í samvinnu við stjórnendateymi skólans og skólasamfélagið

■ Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennaramenntun og leyfisbréf til kennslu eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg
- Sérhæfing á grunnskólastigi er æskileg
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta
- Hreint sakavottorð

Kennarar

Kirkjubæjarskóli auglýsir eftir kennurum fyrir skólaárið 2024-2025. Lausar eru stöður umsjónarkennara á yngsta-, mið- og unglingastigi, staða verkgreinakennara auk íþrótt- og sundkennara. Starfshlutfall er 100% eða eftir samkomulagi. Í boði er viðbótarkennsla í stærðfræði og náttúrufræði á mið- og unglingastigi.

■ Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf til kennslu eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Sérhæfing á grunnskólastigi er æskileg
- Reynsla af kennslu er æskileg
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta
- Hreint sakavottorð

Leikskólakennarar og starfsfólk á leikskóla

Lausar eru til umsóknar stöður leikskólakennara, stuðningsfulltrúa og leiðbeinenda í störf við leikskólann Kærabæ á Kirkjubæjarklaustri. Um 100% starfshlutfall er að ræða.

■ Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og áhugi á að starfa með börnum
- Góð samskipta- og samstarfshæfni
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta
- Stundvísi og góð ástundun
- Hreint sakavottorð

Umsóknarfrestur er til og með **15. júlí 2024**. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. Umsóknir gilda í 6 mánuði frá dagsetningu auglýsingar. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi launanevndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veita Helga Birna Jónsdóttir (helga@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

Bíladellan á Selfossi

Árleg Bíladella Bifreiða-
Áklúbbs Suðurlands fór
fram í blíðskaparveðri í Sig-
túnsgarðinum í miðbæ Selfoss
sl. laugardag. Á sýningunni
voru vel á annað hundrað öku-
tækja af ýmsum gerðum. Mest
var af fornbílum en inn á milli
leyndust nýrri sportbílar og
ýmis tæki. Jóhann Elvis Þor-
steinsson/JBP myndir, tók
meðfylgjandi myndir. HGL





Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



ÖLFUS

Auglýsing um skipulag í sveitarfélaginu Ölfus

Eftirtaldar skipulagstillögur voru samþykktar í bæjarstjórn Ölfuss þann 27. júní sl. Tillögurnar hafðu áður verið samþykktar til auglýsingar í skipulags- og umhverfisnefnd Ölfuss.

Riftún ofan vegar, íbúðar og frístundalóðir - nýtt DSK

Lögð er fram deiliskipulagstillaga fyrir frístundasvæði sem skilgreint er í aðalskipulagi á landinu Riftún. Gert er ráð fyrir 8 lóðum undir frístundahús á svæði sem skilgreint er í aðalskipulagi sem frístundabyggð og að auki 4 íbúðarhúsalóðum á landbúnaðarsvæði.

Stóragerði ASK

Lögð er fram aðalskipulagsbreyting fyrir Stóragerði ÍB18. Bætt er við einni íbúðarlóð og núverandi vatnsbóli bætt við aðalskipulag.

Bakkamelur íbúasvæði ASK lýsing

Lögð er fram skipulagslýsing vegna aðalskipulagsbreytingar fyrir landið Bakkamel, reit ÍB30 í aðalskipulagi. Skipulagssvæðið verður stækkað úr 28 í 48 Ha og hámarks íbúðamagn aukið úr 25 í 95.

Grímslækjarheiði ÍB17 ASK

Lögð er fram aðalskipulagsbreyting vegna íbúðabyggðar Ytri-Grímslækjar ÍB17 þar sem fyrirhugað er að fjölga íbúðum úr 19 í 25 að ósk landeigenda. Innan skipulagssvæðisins eru lóðir á svonefndri Grímslækjarheiði; Sögusteinn 1 (L231059), Sögusteinn (L172269), Ytri-Grímslækur lóð (L195678) og Hraunkvíar (L172270), Ytri-Grímslækur lóð (L175678) og Efri-Grímslækur land (L203017).

Hótel og tengd starsemi í Hafnarvík - nýtt DSK

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi fyrir hótél með heilsulind og veitingahús. Svæðið sem um ræðir er óbyggt svæði innan þéttbýlismarka Þorlákshafnar, u.þ.b. 2,5 km austan við miðbæinn. Fyrirhuguð stærð hótels er allt að 120 herbergi með áætluðum fjölda gistirúma allt að 250. Starfsmannafjöldi verður allt að 20.

Skíðaskáli í Hveradölum - nýtt DSK

Lögð er fram breyting á deiliskipulagi fyrir lóð skíðaskálans í Hveradölum. Meginbreyting tillögunnar felst í því að stærð og lögun byggingareita 04, 05 og 06 hefur verið breytt á teikningu og reit 07 hefur verið bætt við. Ný hótélbygging kemur á reit 06 og þjónustubyggingar færast yfir á reit 04. Bílastæði eru flutt frá miðsvæði að Suðurlandsvegi til að minnka áhrif þeirra á svæðið og nýta betur miðsvæðið.

Selvogsbraut 12 sameining lóða og stækkun verslunar - DSK

Lögð er fram deiliskipulagsbreyting vegna sameiningar lóða og stækkunar á verslun við Selvogsbraut 12.

Tillögurnar verða til kynningar á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn til 15. ágúst 2024. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 15. ágúst 2024.

Sigurður Steinar Ásgeirsson,
skrifstofu- og verkefnastjóri Umhverfis- og framkvæmdasviðs

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122

Daglegar ferðir

SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

KIRKJA

Villingaholtskirkja

Sumarmessa í Villingaholtskirkju
sunnudaginn 7. júlí kl. 14:00.
Organisti Guðmundur Eiríksson,
almennur safnaðarsöngur, prestur
Guðbjörg Arnardóttir.

Sólheimakirkja

Guðsþjónusta í Sólheimakirkju
sunnudaginn 7. júlí klukkan 14.
Sr. Dagur Fannar Magnússon
messar. Organisti og forsöngvari
er Ester Ólafsdóttir. Gunnar
Óðinn Einarsson kirkjuvörður.
Arna María Andrésdóttir kerta-
vörður. María K. Jacobsen fer
með lokabæn. Öll hjartanlega
velkominn.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

Þingfulltrúar saman komnir á aukaaðalfundi SASS.

Ný stjórn kosin á
aukaaðalfundi SASS í júní

Aukaaðalfundur Samtaka
sunnlenskra sveitarfélaga,
SASS, fór fram 7. júní sl. í Akó-
ges salnum í Vestmannaeyjum.
Fundurinn var haldinn þar sem
í samþykktum samtakanna er
kveðið á um að enginn skuli
eiga sæti í stjórn lengur en sex
ár samfellt. Úr stjórn gengu Ás-
gerður Kristín Gylfadóttir, þá-
verandi formaður, Grétar Ingi
Erlendsson þáverandi varafor-
maður, Margrét Harpa Guð-
steinsdóttir og Einar Freyr Elín-
arson. Á fundinum var staðfest
ný stjórn samtakanna en í henni
sitja:

Aðalmenn

Gauti Árnason,
Sveitarfélagið Hornafjörður
Jóhannes Gissurarson,
Skaftárhreppur
Anton Kári Halldórsson,
Rangárþing eystra
Njáll Ragnarsson,
Vestmannaeyjabær
Árni Eiríksson, Flóahreppur
Brynhildur Jónsdóttir,
Sveitarfélagið Árborg
Arnar Freyr Ólafsson,
Sveitarfélagið Árborg
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir,
Hveragerðisbær
Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir,
Sveitarfélagið Ölfus

Varamenn:

Eyrún Friða Árnadóttir,
Sveitarfélagið Hornafjörður
Einar Freyr Elínarson,
Mýrdalshreppur
Eyþór Harðarson,
Vestmannaeyjabær
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir,
Rangárþing ytra
Bragi Bjarnason,
Sveitarfélagið Árborg
Elly Tómasdóttir,
Sveitarfélagið Árborg
Jón Bjarnason,
Hrunamannahreppur
Sandra Sigurðardóttir,
Hveragerðisbær
Erla Sif Markúsdóttir,
Sveitarfélagið Ölfus

Anton Kári Halldórsson var
kjörinn nýr formaður SASS og
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir vara-
formaður. Um leið og ný stjórn
var boðin velkomin til starfa var
fráfarandi stjórn þakkað fyrir
gott starf á liðnum árum.

Á fundinum voru samþykkt-
ar ályktanir en meðal þeirra
var ályktun um að breyta þurfi
lögum um lögheimili og aðsetur
sem feli í sér að einstaklingar,
sem ekki eru með lögheimili
í skráðu íbúðarhúsnæði, verði
skráðir með ótilgreint heim-
ilisfang í því sveitarfélagi þar
sem viðkomandi var með til-
greint heimilisfang síðast, en
ekki í því sveitarfélagi þar sem
viðkomandi hefur haft þriggja
mánaða samfellda dvöl. Einn-
ig var samþykkt ályktun sem
skorar á Alþingi að samþykkja
tatarlaust samgönguáætlun fyrir
árin 2024–2038 og tryggja fjár-
mögnun rannsókna á jarðlögum
á milli lands og Vestmannaeyja.

Í lok fundarinnar fór fram fyrsta
vinnustofan vegna gerðar nýrrar
Sóknaráætlunar Suðurlands
fyrir tímabilið 2025 – 2029.
Á fundinum var unnin styrk-
leika-, veikleika-, ógnana- og
tækifæragreining og unnið að
markmiðasetningu með áherslu
á sjálfbæra byggðapróun. Þing-
fulltrúar unnu í hópum þar
sem áherslur voru lagðar á þrjá
meginflokka, þ.e. umhverfi,
samfélag, atvinnu og nýsköpun.
Farið var yfir næstu skref við
stefnumótunarvinnuna og sýnt
myndband sem unnið hefur
verið fyrir samtökin en það má
sjá hér:

Fundurinn var afar vel sóttur
og mættu fulltrúar frá öllum
sveitarfélögum sem aðild eiga
að samtökunum og almenn
ánægja var með fundinn og
vinnustofuna.

Sjá fundargerð aukaaðal-
fundar SASS inni á sass.is.

HEILSA

Dáleiðsla
HeilsaDáleiðsla til að finna rót
vandamála líkamlegra sem
andlegra.Dáleiðsla til skemmtunar
m.a. til að sjá liðna atburði
og jafvel fyrri lífi! – Hvar varst
þú í fyrri lífi?Einkatímar, en einnig er
hægt að bóka fyrir hópa í
heimahúsum.Einnig augnlestur, heilsuráðgjöf,
nudd og svæðanudd.Bókanir á
heilsulindheidars@simnet.is
eða í síma 898 1501 (SMS)

Heiðar Ragnarsson

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn með-
höndlunJákvæðar
hugsnið breyta
deginumRagnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.isCand.mag. í íþróttatræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsunuddari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Pantað ljósmyndaprentun
í öllum algengustu
ljósmyndastæðunum.DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



VIÐ ERUM FRAMÚRSKARANDI!



Samkvæmt nýjustu rannsóknum Brandr vísitölunnar þá skorum við frammúrskarandi í samanburði við íslensk fyrirtæki m.a. í þessum þáttum:

- Reynslumikil á sínu sviði
- Gæða þjónusta
- Áreiðanleiki
- Græn þjónusta



Lyngháls 1, 110 Rvk ☎ 5 600 600
Eyravegi 25, 800 Selfoss ☎ 482 1944
Glerárgötu 28, 600 Akureyri ☎ 4 600 700
prentmetoddi.is





Hálendisböðin opna í Kerlingarfjöllum

Núna um helgina opna Hálendisböðin í Kerlingarfjöllum, en þau eru einstakur baðstaður við fjölbreytta gisti- og veitingaaðstöðu sem opnaði síðasta sumar á hálendi Íslands. Böðin eru opin öllum gestum Kerlingarfjalla og eru þannig tilvalinn áfangastaður eftir úti- vist á hálendinu. Í böðunum eru meðal annars heitar setlaugar, kaldur pottur og glæsileg sauna með einstöku útsýni yfir fjallgarðinn. Í upphafi síðasta sumars opnaði endurbætt gisti- og veitingaaðstaða í Kerlingarfjöllum. Þar er nú boðið upp á fjölbreytta gistingu- og veitingaaðstöðu, nýtt tjaldsvæði og svefnpokaþláss í gömlu skálunum sem gjarnan eru kallaðir Nípur. Því ættu allir ferðalangar að geta fundið eitt- hvað við sitt hæfi. Í Kerlingarfjöllum er einnig að finna veitingastað þar sem boðið er upp á fjölbreyttan, séríslenskan mat- seðil—þar á meðal vöflur með rjóma og rabarbarasultu ásamt sigildri kjötsúpu. Til að kór- óna þægindin geta gestir einn- ig keypt nestisþakka til að taka með í ævintýri dagsins.

Leiðin að Kerlingarfjöllum liggur um hinn sögufræga Kjal- veg sem er fullfær fólksbílum á sumrin og eru Kerlingarfjöll því tilvalinn áfangastaður fyrir þá sem vilja upplifa hálendi Ís- lands. Sætaferðir eru í boði alla daga yfir sumartímann.

Magnús Orri Marínarson Schram er forstöðumaður við- skiptaþróunar nýrra áfangastaða hjá Bláa Lóninu hf. en fyrir- tækið stendur fyrir uppbyggingu og rekstri gistaðstöðunnar og Hálendisbaðanna í Kerlingarfjöllum. Hann er afar ánægður með vel heppnað fyrsta rekstr- arár og kveðst enn fremur fullur eftirvæntingar fyrir komandi tímum.

„Fyrsta árið okkar gekk vonum fram. Það hefur verið mikil eftirspurn eftir aðgengi- legri gistingu á hálendi Íslands

og einstaklega ánægjulegt að geta svarað þeirri þörf. Með opnun Hálendisbaðanna hafa gestir nú enn fleiri ástæður til þess að sækja svæðið heim og njóta þeirrar fegurðar sem um- lykur allt,“ segir Magnús Orri.

Í sátt og samlyndi við náttúruna
Kerlingarfjöll eru staðsett á miðhálendinu og eru hrein nátt- úruparadís. Svæðið var friðlýst árið 2020 með það að markmiði að vernda jarðminjar svæðis- ins, ásynð þess, landslagið og óbyggðirnar. Öll starfsemi Ker- lingarfjalla miðar að sömu mark- miðum, í sátt við umhverfi og náttúru.

Sveitarstjóri Hrunamanna- hrepps, Aldís Hafsteinsdóttir, er afar ánægð með uppbyggingu innviða á svæðinu, enda sé aukið og einfaldara aðgengi afar mikilvægt samfélaginu öllu.

„Alla tíð hafa Kerlingarfjöll verið segull bæði heimamanna og erlendra og innlendra gesta. Með uppbyggingunni sem nú hefur átt sér stað í Kerlingarfjöllum er enn fleirum en áður gert kleift að dvelja í fjöllum. Afar ánægjulegt hefur verið að sjá hversu vel framkvæmdirnar falla að því stórbrotna umhverfi sem þarna er. Hér í Hrunamanna- hreppi brenna heimamenn fyrir afreitinum og ekki síst fjöllum- um fögru. Framkvæmdir eins og þær sem nú eru orðnar að veru- leika í Kerlingarfjöllum styrkja

bæði ferðapjónustu og uppbyggingu samfélagsins sem hér hefur byggst upp á hálendisbrúninni,“ segir Aldís.

Útivist og affreying fyrir alla fjölskylduna

Á svæðinu má finna fjölmargar gönguleiðir sem henta öllum getustigum og aldurshópum. Þaulvant leiðsögufólk leiðir skipulagðar göngu- og sérferðir en einnig er hægt að halda af stað á eigin vegum og kanna fjallstinda, háhitasvæðið Hveradali og Skuggafoss, að óg- leymdri Kerlingu—steindrang- anum sem fjöllin draga nafn sitt af. Útivistarfólk getur svo notið Hálendisbaðanna fyrir eða eftir ævintýri, allan ársins hring.

„Við leggjum okkur fram um að gera sem flestum kleift að upplifa ótrúlegt landslagið sem umlykur okkur hér í fjöllum. Í sumar bjóðum við svo í spenn- andi fjallahjólalhelgi auk þess sem við höldum hálendishlaupið Kerlingarfjöll Ultra—það fyrsta sem haldið hefur verið á svæð- inu. Þátttakan hefur farið fram úr björtustu vonum enda varð uppselt á örfáum dögum,“ segir Magnús Orri að lokum og bætir við: „Við hlökkum mikið til að halda áfram að bjóða ferðalöng- um upp á ævintýri hér í hjarta hálendisins og því er gaman að fagna opnun Hálendisbaðanna um helgina.“

FALIN PARADÍS

Tjaldsvæðið Hraunborgum Grímsnesi

Allt fyrir fjölskylduna, sundlaug, heitir pottar og sauna Leiksvæði fyrir börnin, veitingastaður, bar og golfvöllur. Opnið alla daga frá kl. 11 - 21 nema föstudaga og laugardaga lokar kl. 23. Markaður alla laugardaga frá kl. 10 - 15. Í sumar þar sem er að finna nýbakað brauð og bakkelsi ofl. Sími 692 3555 - hraunborgir33@gmail.com



FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



PÚLSINN

Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi

Viðgerðir · Þjónusta

Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com



LAGNIR

**ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001

Guðjón - Sími 888 8002

800lagnir@800lagnir.is



Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun

Sími 510 1180

Hellismýri 14 - 800 Selfossi



Fæst hjá
BYKO Selfossi



ÖKULAND

Endurmenntun
atvinnubílstjóra

Akstursþjálfun

okuland.is

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverker BA

Þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is